

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Sigrún Magnúsdóttir,
umhverfis- og auðlindaráðherra
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 28. september 2015
2005060006/24-1-3-2
JGO/ÓKN

Veiðiþol rjúpnastofnsins 2015

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur metið veiðiþol rjúpnastofnsins haustið 2015 og er niðurstöðurnar að finna í meðfylgjandi greinargerð. Forsendur matsins byggja á þeirri stefnu stjórvalda að rjúpnaveiðar skuli vera sjálfbærar í þeim skilningi að stofninn nái að sveiflast á milli lágmarks- og hámarksára innan þeirra marka sem náttúruleg skilyrði setja honum hverju sinni.

Rjúpnastofninn er í niðursveiflu víðast hvar annars staðar en á Norðausturlandi. Viðkoma rjúpunnar var frekar léleg í sumar. Rjúpnafjöldinn 2015 er vel undir meðallagi miðað við síðustu 50 ár.

Gögn sýna að stjórnun veiða í kjölfar rjúpnaveiðibanns 2003–2004 hefur í megin atriðum gengið vel. Verulega hefur dregið úr heildarveiði og bein afföll vegna veiða hafa lækkað mikið. Markmið veiðistjórnunar er að lækka svokallaðan Z_2 -dánarstuðul en veiðar eru hluti af honum. Þessi dánarstuðull er sameiginlegur aldurshópum rjúpunnar, fyrsta árs fuglum og eldri fuglum, og það er hækkun á þessum stuðli sem skýrir hnignun rjúpnastofnsins síðustu 30 til 40 ár. Svörunin var skýr friðunarárin tvö og lækkaði stuðullinn þá. Þrátt fyrir hlutfallslega miklu minni veiði frá 2005 samanborið við árin fyrir 2003 hefur Z_2 -dánarstuðullinn verið mjög breytilegur síðan en leitnin hefur verið niður á við. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að veiðar hafi áhrif á afföll rjúpunnar umfram það sem er skotið (viðbótarafföll). Viðbótarafföll voru samkvæmt skilgreiningu ekki til staðar friðunarárin en vega mismikið árin eftir friðun og engin tengsl eru á milli þeirra og veiðiaffalla. Ef þetta er rétt þá er rjúpnastofninn mjög viðkvæmur fyrir truflunum samfara veiðum. Eins að þrátt fyrir verulegar takmarkanir á sókn þá er hún enn vel fyrir ofan þau mörk þar sem þessara hættir að gæta. Til framtíðar litið er mikilvægt að svara þeirri spurningu hvort þessi auknu afföll samfara veiðum séu raunveruleg eða hvort þau tengist á einhvern máta þeim forsendum sem útreikningarnir byggjast á.

Enginn ágreiningur var um ástand rjúpnastofnsins 2015 og árangur veiðistjórnunar 2005 til 2014 á samráðsfundi fulltrúa Náttúrufræðistofnunar Íslands, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Umhverfisstofnunar, Skotveiðifélags Íslands og Fuglaverndar sem



haldinn var 25. september sl..

Til framtíðar litið er mikilvægt að svara þeirri spurningu hvort aukin afföll samfara veiðum séu raunveruleg eða hvort þau tengist á einhvern hátt þeim forsendum sem útreikningarnir byggjast á. Þetta mætti gera með því að yfirfara gagnasafnið, endurreikna og gaumgæfa forsendur. Jafnframt þarf að endurreikna stofnlíkanið miðað við þau gögn sem bæst hafa við frá 2002, og sundurgreina betur einstaka landshluta við útreikning á stofnstærð. Þessi vinna er þegar hafin og fyrstu niðurstöður benda til þess stofnstærð hafi verið ofmetin og veiðiafföll þar með vanmetin líkt og greinir frá hér að ofan. Einnig væri mikilvægt að rannsaka samspil veiða og affalla úti í mörkinni og áhrif veiða á streitu hjá rjúpu.

Þrátt fyrir verulegan samdrátt í rjúpnaveiði á undanförnum árum hefur megin markmið veiðistjórnunar, að draga úr heildarafföllum, ekki náðst. Hins vegar hefur leitnin verið niður á við en breytileikinn mikill í afföllum á milli ára. Staðan er því að nokkru sú sama og árin fyrir friðun þar sem afföll í rjúpnastofninum eru mjög há sum ár. Stofnlíkanið spáir að við svo há afföll hverfi stofnsveiflan og við taki viðvarandi lágmark og hafa aðgerðir undansfarinna ár beinst að því að koma í veg fyrir þá fyrirsjánlegu þróun.

Náttúrufræðistofnun leggur mikla áherslu á að hvergi verði slakað á í þeirra viðleitni að draga sem mest úr heildarafföllum rjúpunnar. Umhverfis- og auðlindaráðherra ákvað haustið 2013 að rjúpnaveiðitíminn yrði 12 dagar næstu þrjú ár nema eitthvað óvænt kæmi uppá. Niðurstöður vöktunar sýndu ekkert óvænt og rjúpnastofninn er í niðursveiflu og óvisst hversu lengi það skeið muni vara.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Fylgiskjal: Mat á veiðiþoli rjúpnastofnsins haustið 2015: greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands, 28. september 2015.

